

**Sp. 285. Tillaga til þingsályktunar [162. mál]**  
varðandi brottflutning fólks frá Íslandi.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sigurður Ingimundarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma skýrslu um brottflutning fólks frá Íslandi síðustu 5 ár svo og að rannsaka eftir föngum, hvers vegna fólk flyzt búferlum til annarra landa. Skýrslan og niðurstöður rannsóknarinnar verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

#### Greinargerð.

Ef trúa má fréttum og ýmsum fullyrðingum, hefur brottflutningur fólks frá Íslandi farið ört vaxandi síðustu ár. Ber sérstaklega mikið á því, að sérmenntaðir menn leiti atvinnu í öðrum löndum, og má þjóðin hvað sízt við missi þeirra.

Ýmsar ástæður hafa verið nefndar fyrir hinum vaxandi útflutningi. Oftast er nefndur launamismunur menntamanna hér á landi og erlendis, en í sölum Alþingis hafa heyrt fullyrðingar þess efnis, að ríkisstjórnin eigi sök á landflóttanum.

Það er alvarlegt mál fyrir íslenzku þjóðina, ef margt manna flyzt af landi burt, sérstaklega ef þeir fara, sem sérmenntaðir hafa verið.

Nauðsynlegt virðist, til þess að þjóðin geti gert sér hleypidómalaus grein fyrir þessu vandamáli, að safna öruggum skýrslum um fjölda útflytjenda og kanna eftir föngum ástæður þeirra fyrir brottförinni.